

Á hælum Sigurðar Þórarinssonar

ELÍN PÁLMAÐÓTTIR

ABSTRACT

The author, a journalist at Morgunblaðið, describes how she followed Prof. Sigurður Þórarinsson during the eruptions of Askja in 1961 and the Surtsey eruption in 1963.

Á hælum Sigurðar Þórarinssonar

Dýrmætt er fyrir blaðamann að eiga Sigurð Þórarinsson jarðfræðing að þegar einhver ósköp fara að gerast og jörðin að spúa eldi einhvers staðar á hálendinu eða úti á rúmsjó. Alltaf kemur út blað á morgun — eftir nokkra klukkutíma — og þar vilja lesendur fá nákvæmlega að vita hvað er að gerast, hvað hafi gerst og hvað muni gerast. Hrædd er ég um að oft hefði orðið fátt um svör á fyrstu dögum hamfaranna, ef við hefðum ekki haft þennan ljúfling, sem á mestu annastundum lífs síns taldi ekki eftir sér að svara spurningum fávísra manna um þau efni. Og það sem meira er og fágætara, ávallt áttar hann sig á stundinni og er óhræddur við að segja álit sitt, án þess að vera með nokkrar vangaveltur um það að einhverjir spekingar kunni nú að setja út á það þegar meira kemur í ljós og betur hægt að átta sig. Hefðum við átt að bíða eftir „vísindalegum niðurstöðum“, sem nær alltaf hafa reynzt samhljóða fyrsta álitu Sigurðar, þá hefðum við kannski fyrst sagt frá því ári eftir að Surtseyjargosið hófst að nú væri sannað að eldgos hefði átt sér stað við Vestmannaeyjar, því menn hefðu mælt þarna heila eyju. Af þessum ástæðum hefi ég sem blaðamaður gætt þess vandlega að elta Sigurð, þegar orðið hafa eldgos eða hlaup í vatni eða jökli sl. 25 ár, til að tína af vörum hans alla fróðleiksmola og láta ganga til lesenda. Þannig hefi ég skriðið á eftir honum á fjórum fótum upp ísaða fjallshlíðina við Öskju, elt hann í grjótregni af gosi í Surtsey og gegnum sjóbad við landtökuna og klæðst ferðagallanum á hrúgu af drasli aftan í jeppa fyrir aftan hann og fleiri jarðfræðinga á fleygiferð inn Miklubrautina á leið til Heklu — og aldrei efast um þannig fengju lesendur Morgunblaðsins best réttar fréttir af hamförunum.

Eitthvað á þessa leið varð mér af gefnu tilefni að orði um Sigurð Þórarinsson. Og þegar ég er nú beðin um að segja frá atburði eða ferðalagi með Sigurði, þá koma einmitt þessir atburðir fyrst upp í hugann, þótt af mörgu sé að taka frá því ég fyrst sóttist eftir því að komast á kaldan klaka vorið 1959 með þeim Sigurði Þórarinssyni og Jóni Eypórssyni í virðulegri rannsókniferð. Allir vissu að:

Grímsvötnin þau eru góður staður

Faría, faría

Þangað fer enginn óvitlaus maður

Faría, faría....

Áttu slík ummæli þó enn betur við aðstæðurnar fyrir fjórðungi aldar en nú. Þetta var á þeim tíma, er ekki varð auðveldlega gengið í opinbera sjóði eftir flutningi, viðurværi hvað þá kaupi í vísindaleiðöngrum, þótt góð rök væru uppi höfð. Sigurður Þórarinsson var þá enn að syngja sér leið í rútbílum í öskulagaleit út um hvippinn og hvappinn — og um leið til frægðar og frama. Og ég var stundum í hagkvæmum hagsmunasamtökum við þá Sigurð og Jón, þar sem gott þótti að Mbl. greiddi a.m.k. sinn hluta í flugvél eða gerði t.d. fært að líta eftir Kötlu gömlu.

Ísaða fjallshlíðin við Öskju, sem undirrituð skreidd á eftir Sigurði Þórarinssyni, af ótta við að missa að öðrum kosti af öllum sannleikanum, var austurveggur Öskju og dagsetningin 27. október 1971. Premur vikum fyrr höfðum við eiginlega þjófstartað með skyndiflugi yfir staðinn og hraðferð í jeppa frá Akureyri inn í Öskju meðan Jón Sigurgeirsson leiddi alla leiðina ættjarðarsöngva á karlakórsvísu með tilheyrandi hnykkjum á stýrinu, svo að jeppinn tók slinki á hrauninu í myrkrinu og léttir bogar á borð við okkur Sigurð urðu að halda sér dauðahaldi afturí Willisnum, þar til komið var í Öskju, sem ekki reyndist þó komin lengra í gostilburðum en í leirhverina. En þar með var undirrituð líka búin að tryggja sér sess í fyrstu „vísindamannagosferð“ til eldstöðvanna, undir heitinu „eld og ísapía Morgun-